

tekjum sjóðsins eins og þær eru á hverjum tíma. Óheimilt er að breyta markmiði sjóðsins.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð eftirtöldum mönnum: Dr. Erlendi Haraldssyni, séra Jóni Auðuns og dr. Símoni Jóhannesi Ágústssyni. Formaður sjóðstjórnar er dr. Erlendur Haraldsson. Er sæti stjórnarmanns losnar skulu hinir tveir stjórnarmeðlimir skipa nýjan stjórnarmann.

## 7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

## 9. gr.

Verði sjóðurinn leystur upp skal fjármunum hans varið til dulsálarfræðirannsóknna við Háskóla Íslands. Óheimilt er að breyta þessu ákvæði.

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum,  
nr. 410 27. desember 1973.**

## 1. gr.

Ákvæði reglugerðarinnar að því er varðar Ísafjarðarkaupstað orðist þannig:

Ísafjörður:

Vestfjarðavegur (60) frá Engi um Seljalandsveg, Bæjarbrekku, Túngötu og Fjarðarstræti að ristarliði nyrst í bænum ásamt álmu um Hafnarstræti og Aðalstræti að bátabryggju.

Í Hnífsdalsbyggð: Vestfjarðavegur (60) frá gatnamótum Dalbrautar um Strandgötu út fyrir Heimabæjarvör svo langt sem sjóvarnargarður nær (um 200 m).

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vegalögum nr. 66 14. júlí 1975, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 29. ágúst 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*